

# Fyrsti stjórnarfundur foreldrafélags Helgafellsskóla

Veturinn 2021-2022

Dagsetning: 3.6.2021 - kl 20:30

**Mættir voru:** Ólafur, Jóna, Sonja, Elena, Lea, Sunna og Gunnar Ingi

Nýsettur formaður foreldrafélagsins, Ólafur Dan Snorrason bauð fundargesti velkomna og setti fundinn og fór yfir dagskrá fundarins sem var að skipa í hlutverk stjórnar foreldrafélagsins.

Kallað var eftir framboðum og einróma samþykki var á skipan í öll hlutverk

Hlutverkum var raðað niður sem hér segir:

- **Formaður:** Ólafur Dan Snorrason
- **Ritari og varaformaður:** Gunnar Ingi Reykjalin Sveinsson
- **Gjaldkeri:** Jóna A. Pálmadóttir
- **SAMMOS:**
  - a. **Fulltrúi:** Sonja Petra Stefánsdóttir
  - b. **Fulltrúi:** Elena Martínez Pérez
  - c. **Varamaður:** Lea Steinþórsdóttir
- **Fulltrúar í skólaráði Helgafellsskóla**
  - a. **Fulltrúi:** Sunna Ósk Ómarsdóttir
  - b. **Fulltrúi:** Gunnar Ingi Reykjalin Sveinsson
  - c. **Varamaður:** Elena Martínez Pérez
- **Umsjónarmaður foreldraröls:** Lea Steinþórsdóttir

## Foreldrarölt

Rætt var hvernig utanumhald með foreldrarölti hefur verið hingað til. Rætt var mikilvægi þess að hvetja fólk til að skrá sig og viðraður möguleikinn á því að nýta tæknina til að ýta við fólk og jafnvel koma á fót einhverskonar verðlaunakerfi með framlögum frá rekstraraðilum í bænum. Elín María, fráfarandi formaður, mun sinna hlutverki umsjónarmanns foreldraröls áfram í sumar en afhenda keflið svo til Leu í haust.

## Næstu fundir

Fundarboð fyrir næstu fundi foreldrafélagsins verða ákveðin og send út á næstu misserum.